



ADVANT

Skýrsla um gagnsæi

September 2019

Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Félagsform og eignarhald	4
Stjórnskipulag, fjárhagsupplýsingar og starfskjör eigenda	4
Stjórnskipulag	4
Upplýsingar um heildarveltu	4
Upplýsingar um starfskjör eigenda	4
Innra gæðaeftirlitskerfi - gæðaeftirlit	5
Endurmenntunarstefna	5
Óhæðisreglur	5
Einingar tengdar almannahagsmunum	5

Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt lögum um endurskoðendur skulu endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum árlega birta á vefsvæði sínu skýrslu um gagnsæi.

Skýrsla Advant endurskoðunar ehf. um gagnsæi fyrir árið 2019 er gerð samkvæmt 29. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Í skýrslunni koma fram þau atriði sem kveðið er á um að koma skuli fram í fyrrnefndum lögum og þær óhæðisreglur sem fyrirtækið fer eftir.

Stjórn Advant endurskoðunar ehf. staðfestir samkvæmt sinni bestu vitund að öll þau atriði sem kveðið er á um í 29. gr. laga nr. 79/2008 komi fram í skýrslunni.

Þá lýsir stjórn því einnig yfir að innra eftirlitskerfi félagsins eins og því er lýst í skýrslunni sé virkt og staðfestir að þeim óhæðisreglum sem félaginu ber að fylgja og er lýst í skýrslunni hafi verið framfylgt.

Reykjavík, 16. desember 2019

Advant endurskoðun ehf.




Félagsform og eignarhald

Advant ehf. er einkahlutafélag með starfsemi á sviði endurskoðunar, reikningshalds, bókhalds og skattaráðgjafar. Félagið, sem var stofnað árið 2015, er til heimilis að Laugavegi 178, Reykjavík. Félagið er með réttindi til endurskoðunarstarfa frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, endurskoðendanúmer EF-2016-001.

Eigendur félagsins eru endurskoðendurnir Hinrik Gunnarsson EE-2005-009, Sunnusmára 24, 201 Kópavogur og Sveinn R. Reynisson EE-2009-013, Hjarðarhaga 64, 107 Reykjavík.

Félagið er ekki aðili að neinum samtökum endurskoðunarfyrtækja. Eigendur eru aðilar að Félagi löggiltra endurskoðenda og lúta þeim lögum og reglum sem þar gilda.

Stjórnskipulag, fjárhagsupplýsingar og starfskjör eigenda

Stjórnskipulag

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd hluthafa og ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Í stjórn félagsins eru endurskoðendurnir Hinrik Gunnarsson og Sveinn R. Reynisson.

Framkvæmdastjóri félagsins er Sveinn R. Reynisson.

Upplýsingar um heildarveltu

Heildarvelta félagsins árið 2018 var um 53 millj. kr., sem skiptist á milli tekna vegna endurskoðunarverkefna um 35 millj. kr. og annarra verkefna 17 millj. kr. Velta félagsins nam 82 millj. kr. á fyrstu átta mánuðum ársins 2019.

Upplýsingar um starfskjör eigenda

Starfskjör eigenda taka mið af ábyrgð og umsjón gangvart viðskiptavinum og ábyrgð á innra starfi og stjórnun félagsins hins vegar. Eigendum er umbunað til hvatningar á þróun félagsins bæði á faglegu og viðskiptalegu sviði.

Innra gæðaeftirlitskerfi - gæðaeftirlit

Gæðaeftirlitskerfi félagsins er í samræmi við alþjóðlegan staðal um gæðastjórn innan endurskoðunarstofa (e. International Standard on Quality Control 1, ISQC 1.) Kerfið tekur einnig mið af siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics) sem og alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun í verkefnum (ISA 220). Gæðaeftirlitskerfið inniheldur þá meginþætti sem gæðaeftirlitskerfi eiga að innihalda samkvæmt ISQC 1, en þeir eru:

- Ábyrgð stjórnenda á gæðamálum.
- Siðferðislegar kröfur, þar á meðal óhæðiskröfur.
- Samþykkt nýrra og áframhaldandi viðskiptasambanda.
- Mannauðsmál.
- Framkvæmd verkefna/gæðaeftirlit verkefna.
- Vöktun.

Ofangreind atriði eru nánar útlistuð í gæðahandbók félagsins, sem samþykkt var í október 2015.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum sem annast Endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skulu sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Á árinu 2019 var endurskoðað verkefni á vegum félagsins tekið í gæðaeftirlit á vegum Endurskoðunarráðs. Gæðastjóri félagsins er Hinrik Gunnarsson.

Endurmenntunarstefna

Starfsmenn sækja endurmenntun á vegum sinna fagfélaga og aðra endurmenntun sem fellur að þeirra starfssviði, þar sem hún er í boði. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 79/2008 er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Innan félagsins er haldið utan um alla endurmenntun þannig að þessi ákvæði séu virt.

Óhæðisreglur

Innan félagsins er farið eftir siðareglum FLE en samkvæmt þeim ber endurskoðandanum og öllum starfsmönnum félagsins að vera óháðir bæði í reynd og ásýnd gagnvart viðskiptavinum félagsins þegar um endurskoðunarverkefni er að ræða. Starfsmenn skrifa undir sérstaka óhæðis yfirlýsingu þegar það á við. Brýnd er fyrir starfsmönnum þagnarskylduákvæði, sem ekki fellur niður við starfslok, sbr. 30. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur og starfsmenn þeirra.

Einingar tengdar almannahagsmunum

Félagið annast ekki endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum.